



Framkvæmda- fréttir 20. tbl. /04



Útnesvegur (574) á Snæfellsnesi. Við mörk þjóðgarðs undir jökli.

Auglýsingar útboða

Óshlið, snjóflóðaskápar 2004 04-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: Óshlið, snjóflóðaskápar 2004.

Um er að ræða gerð snjóflóðaskápa á Djúpvegi (61) á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur

Helstu magntölur eru:

Skering	4.000 m ³
Bergskering	500 m ³
Uppsetning stálþils	190 lengdarmetrar.

Tekið skal fram að stálþilið á ekki að reka niður.

Verki skal að fullu lokið 15. nóvember 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 28. júní 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vestfjarðavegur (60), brú á Laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar 04-058

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu á steiptum niðurrekstrarstaurum fyrir brú á Laxá í Króksfirði í Austur-Barðastrandasýslu, ásamt flutningi þeirra á byggingarstað. Staurarnir eru 0,27 m á kant í 9 m lengdum.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura	576 m
Flutningur niðurrekstrarstaura	110 tonn

Verki skal vera að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 28. júní. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 20. tbl. 12. árg. nr. 377 28. júní 2004

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaféni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Ný veglína Hringvegur er teiknuð með hvítu inn á loftmyndina. Svartar línur eru hugmyndir um framtíðartengingar. Mörk útboðs eru við mislæg gatnamót Hringvegur og Víkurvegur að sunnan en við hringtorg við Skarhólabraut að norðan.

Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut

Í síðasta tölublaði Framkvæmdafrétta var auglýst útboð á tvöföldun Hringvegur milli Víkurvegur í Reykjavík og Skarhólabrautar í Mosfellsbæ. Að hluta til er um að ræða nýjan veg með tveimur aðskildum akbrautum 1.550 m og að hluta til nýja akbraut meðfram núverandi vegi 1.820 m. Gerð verða hringtorg við Úlfarsfellsveg og Korpúlfsstaðaveg. Gerðar verða tvær nýjar vegbrýr á Úlfarsá auk göngubrúar. Allar brýrnar verða gerðar úr eftirspenntri steinsteypu. Úlfarsá verður sett í nýjan farveg undir brýrnar. Gerðir verða nýir reið- og göngustígar.

Verktaki þarf að hafa áður unnið sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila á síðastliðnum fimm árum. Þá er átt við verksamning sem er að lágmarki 50% af tilboði í þetta verk. Einnig er gerð sú krafa að ársvelta verktaka hafi verið 50% af tilboði síðastliðin þrjú ár.

Verkinu skal að fullu lokið 15. október 2005.

Niðurstöður útboða

Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klifbrekku 03-095

Tilboð opnuð 22. júní 2004. Gerð 1,2 km kafla Mjóafjarðarvegur ofan Klifbrekku í botni Mjóafjarðar ásamt mölburði á 4,5 km og styrkingu á 1,1 km á Mjóafjarðarheiði.

Helstu magntölur eru:

Bergskeringar	7.000 m ³
Fyllingar	17.000 m ³
Burðarlög	5.000 m ³
Malarslitlag	3.000 m ³

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
1	Myllan ehf., Egilsstöðum	33.994.000	141,1	14.519
2	SG vélar ehf., Djúpavogi	29.928.700	124,2	10.454
3	Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum	28.717.000	119,2	9.242
4	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	28.595.900	118,7	9.121
---	Áætlaður verktakakostnaður	24.100.000	100,0	4.625
5	Rósaberg ehf., Hornafirði	21.928.000	91,0	2.453
6	Dal Björg ehf., Breiðdalsvík	19.474.900	80,8	0



Auglýsingar útboða

Þjórsárdalsvegur (32), 04-059

Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið: Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur.

Um er ræða hækkun Þjórsárdalsvegur á 0,6 km kafla beggja vegna við afleggjarann að bænum Þrándarholti.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	5.190 m ³
Fláafleygar	4.200 m ³
Neðra burðarlag, óunnið efni	1.980 m ³
Efra burðarlag, unnið efni	665 m ³
Ræsi	24 m
Girðingar	600 m
Skurðir	300 m
Tvöföld klæðing	4.200 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 28. júní 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 13. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit 04-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með tvöföldun Hringvegur á 3,5 km löngum kafla milli Víkurvegur og Skarhólabrautar. Að hluta til er um að ræða nýjan veg með tveim aðskildum akreinum og að hluta nýja akbraut meðfram núverandi vegi. Einnig er innfalið í verkinu gerð tveggja hringtorga ásamt byggingu tveggja vegbrúa og göngubrúar á Úlfarsá.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 15. október 2005.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfni og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 28. júní 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 20. júlí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 27. júlí 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðar.

Rautt númer = nýtt á lista


Fyrirhuguð útboð	Auglýst:
	dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	04
04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit	28.06.04	20.07.04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	28.06.04	13.07.04
04-058 Vestfjarðavegur (60), brú á laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar	28.06.04	13.07.04
04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur	28.06.04	13.07.04
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut	21.06.04	13.07.04
04-057 Mástungurvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2	21.06.04	06.07.04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging, 2. áfangi	14.06.04	29.06.04
04-056 Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004	14.06.04	29.06.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04


Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) ofan Klifbrekku	07.06.04	22.06.04
04-053 Brú á Búðará í Reyðarfirði, framleiðsla niðurrekstrarstaura	01.06.04	15.06.04
04-052 Loftmyndataka og stafrænn kortgrunnur 2004	01.06.04	15.06.04
04-050 Snæfellsnesvegur (54) um Grundarfjörð, öryggisaðgerðir	01.06.04	15.06.04

Útboð á samningaborði, frh.	Auglýst:	Opnað:
04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði	24.05.04	15.06.04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	17.05.04	01.06.04
04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing	17.05.04	01.06.04
04-048 Borgarfjarðarbraut (50) um Kleppjárnreyki, öryggisaðgerðir	10.05.04	25.05.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04	25.05.04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004	10.05.04	25.05.04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82) um Hörgá	26.04.04	18.05.04
04-010 Efríbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	19.04.04	04.05.04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	19.04.04	04.05.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-041 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álfanesvegur - Lækjargata <i>Ístak ehf.</i>	01.06.04	21.06.04
04-029 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004 <i>Hóll ehf.</i>	25.05.04	18.06.04
04-049 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Álfanesvegur - Lækjargata, eftirlit <i>Fjölhönnun ehf.</i>	08.06.04	21.06.04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004 <i>Árni Helgason ehf.</i>	18.05.04	15.06.04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg <i>G. Hjálmarsson hf.</i>	18.05.04	21.06.04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005 <i>Sel ehf.</i>	18.05.04	01.06.04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004 <i>Fjörður ehf.</i>	04.05.04	21.06.04



Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 21. júní 2004. Samtals er búið að sprengja 40 m sem gerir 3,5%.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 21. júní 2004. Samtals er búið að sprengja 4.920 m sem gerir 86,4%.